

Christján Þ. Eiríksdóttir

Ferðapjónusta bænda

- Sóknarfæri til sveita -



Í nóvember 2001 voru 128 bæir innan vebanda ferðapjónustu bænda með um 2700 uppþúnum rúnum



Skýrsla starfshóps
- tillögur og greinargerðir -
desember 2001

Ferðapjónusta bænda

sóknarfæri í sveitum

Nefndarálit
tillögur og greinargerðir

Landbúnaðarráðuneytið
desember 2001

Formáli

Snemma á þessu ári áttu sér stað viðræður milli landbúnaðarráðherra og forsvarsmanna Ferðaþjónustu bænda um hvernig efla megi ferðaþjónustu sem búgrein og auðvelda henni aðgang að opinberum sjóðum.

Í framhaldi af þessum viðræðum skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þann 12. mars 2001, sem hafði það hlutverk að kanna hvernig renna megi styrkari stoðum undir atvinnugreinina og efla tengsl hennar við samtök og stofnanir landbúnaðarins. Þá átti nefndin að skoða hvernig styrkja megi ímynd greinarinnar og horfa í því sambandi til endurmenntunar og rannsókna.

Nefndina skipuðu:

Niels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, skipaður af landbúnaðarráðherra.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, kennari, skipuð skv. tilnefningu Hólaskóla.

Hrafnkell Karlsson, bóndi, skipaður skv. tilnefningu Bændasamtaka Íslands.

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri, skipaður skv. tilnefningu Félags ferðaþjónustu bænda.

Nefndin hélt samtals 12 bókaða fundi, þar á meðal einn vinnufund á Hólum í Hjaltadal.

Nefndin hefur lokið störfum og skilar hér með álitinu sínu.

20. desember 2001

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir



Hrafnkell Karlsson



Niels Árni Lund



Sævar Skaptason



Inngangur

Ferðaþjónusta í dreifbýli er ein þeirra greina innan ferðaþjónustunnar sem hefur verið í miklum vexti í hinum vestræna heimi undanfarin ár. Ferðaþjónusta í dreifbýli spannar vítt svið en flestar skilgreiningar á greininni lúta að ákveðinni hugmyndafræði og ákveðinni nálgun í uppbyggingu. Þessi hugmyndafræði felur í sér að ferðaþjónusta í dreifbýli sé byggð á eiginleikum dreifbýlis hvað varðar eðli og umfang; staðbundnum auðlindum á sviði náttúru, sögu og menningu og feli í sér mikla þátttöku heimafólks. Ennfremur að uppbyggingin sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.

Hér á landi er ekki til nein sérstök stefnumótun á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli né ákveðin skilgreining á hugtakinu. Misjafnt er líka eftir löndum hvernig ferðaþjónusta í dreifbýli hefur þróast en víða gegnir ferðaþjónusta bænda lykilhlutverki undir forystu ráðuneyti landbúnaðar. Á Íslandi hefur ferðaþjónusta bænda ekki verið í slíku aðalhlutverki en fullyrða má að þáttur hennar í þróun og uppgangi ferðaþjónustu í dreifbýli hafi verið mjög vanmetinn. Stafar það ekki síst af því að allar tölur um umfang ferðaþjónustu bænda eru harla ónákvæmar og erfitt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar.

Með sanni má segja að ferðaþjónusta í sveitum sé jafngömul búsetu manna hér á landi og almenn gestrisni flestum í blóð borin. Í fæstum tilvikum var greitt fyrir næturgreiða eða annan veittan beina en þó voru jafnan til greiðasölur sem höfðu það að atvinnu að þjóna gestum og gangandi.

Upphaf ferðaþjónustu bænda má rekja aftur til ársins 1965 þegar Flugfélag Íslands hóf að selja gistingu á fimm bæjum víðs vegar um landið. Bæjunum fjölgaði nokkuð á næstu árum en við breytingar á rekstri flugfélagsins dró úr þeirri samvinnu. Bændur urðu eiginlega skildir einir eftir og gistinóttum hjá þeim fækkaði þar sem ekki var lengur til staðar virk markaðssetning á þjónustu þeirra. Áhugi manna innan landbúnaðarins var þó vakinn og möguleikar á uppbyggingu ferðaþjónustu til sveita voru ítrekað ræddir á opinberum vettvangi, m.a. á Búnaðarþingi.


Árið 1980 var Félag ferðaþjónustubænda (FFB) stofnað og þar með komst skriður á nýjan leik á markaðs- og solumál ferðaþjónustubænda. Ráðinn var landsráðunautur á vegum Búnaðarfélags Íslands sem veitti fyrst og fremst rekstrar- og markaðsráðgjöf

til félagsmanna en einnig var hann umsagnaraðili um hæfi einstakra rekstraráætlana er kom að styrk- og lánveitingum úr opinberum sjóðum. Fyrir fjórum árum var staða landsráðunautar lögð niður.

Undanfarin ár hefur komum erlendra ferðamanna til landsins fjölgað til muna og sömuleiðis ferðum Íslendinga um landið. Ferðaþjónusta bænda hefur notið mikillar velgengni síðustu ár og bókunum í gegnum skrifstofu Ferðaþjónustu bænda (FB) farið ört fjölgandi. Gistirými á vegum samtakanna hefur aukist töluvert (sjá mynd 1) en fjöldi ferðaþjónustubýla í samtökunum verið nokkuð svipaður ár frá ári, eða í kringum 120 bæir.

Samkeppni milli svæða fer sívaxandi sem m.a. stafar af styttri ferðatíma fólks. Þess vegna er mikilvægt fyrir einstök svæði að skapa sér sérstöðu sem ferðamenn telja eftirsóknarverða. Ferðaþjónustubændur hafa ótvírætt mikla möguleika á því að skapa sér sterka ímynd með nánu samspili við landbúnaðinn og markvissri þróun og markaðssetningu sem byggir m.a. á sveitinni, menningu hennar og starfsemi. Slík ímynd er einnig jákvæð fyrir landbúnaðinn í heild, þar sem hann er grunnatvinnugreinin í sveitum. Til að sú verði raunin verður að koma til samstillt átak allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í þróun og uppgangi greinarinnar. Á næstu síðum verður fjallað um leiðir að því markmiði. Hér er langt í frá um að ræða tæmandi tillögur, en þær sem hér er að finna eru hugsáðar sem mikilvægar vörður að ofangreindu markmiði.

Mynd 1. Þróun gistirýmis hjá ferðaþjónustubændum.



Tillögur og greinargerðir

1. Stöðumat

1.1. Stefnumótun

Nefndin leggur til að landbúnaðarráðuneytið hafi forystu um stefnumótun fyrir ferðaþjónustu bænda. Stefnumótunin skal fela í sér greiningu sem frekari áætlanir og framkvæmdir eru byggðar á. Grunnvinna stefnumótunarvinnunnar byggist á tillögum 1.2. og 1.3. um rannsókn á umfangi ferðaþjónustufyrirtækjanna og viðhorfi gesta þeirra.

Greinargerð

Markmið stefnumótunarvinnunnar er að greina og skýra þann veruleika sem blasir við ferðaþjónustu bænda í nánustu framtíð. Samkeppni um nýtingu lands fer sífellt vaxandi og mjög hefur skort á að stjórnvöld hafi mótað sér stefnu um hvernig þróa skuli ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Slik stefnumótun verður að taka mið af því hvers konar ferðaþjónusta kemur sér best fyrir dreifbýlið, atvinnulíf einstakra svæða og samfélag. Fyrsta skrefið til markvissrar þróunar á ferðaþjónustu bænda er ítarleg upplýsingasöfnun og greining á núverandi ástandi (sjá nánar 1.1 og 1.2). Ekki er síður mikilvægt að hið opinbera skilgreini á hvaða hátt aðgerðir þess á hinum ýmsum sviðum séu samþættar uppbyggingu í ferðaþjónustu. Má þar nefna að hið opinbera setur allan lagaramma, þ.m.t. um landnýtingu og verndun einstakra svæða sem óhjákvæmilega markar ferðaþjónustunni starfsumhverfi. Mikilvægt er að horfa til svæðisbundinnar þróunar sem sprettur upp úr staðbundnum aðstæðum og auðlindum. Markmið með aðkomu landbúnaðarráðuneytisins að ferðaþjónustu í dreifbýli er efling ferðaþjónustu bænda sem vaxandi búgreinar sem rennt getur styrkari stöðum undir búsetu í dreifðum byggðum landsins. Nefndin leggur til að haft sé náið samráð við samgönguráðuneytið og Byggðastofnun með fjármögnun, samræmingu og samþættingu aðgerða í huga.

1.2. Rannsókn á umfangi og eðli

Nefndin leggur til að Félag ferðaþjónustubænda og landbúnaðarráðuneytið standi fyrir ítarlegri rannsókn á umfangi og eðli ferðaþjónustu í dreifbýli og fyrirtækja innan vébanda Ferðaþjónustu bænda. Markmið rannsóknarinnar er að greina umfang ferðaþjónustu bænda svo hægt sé að meta með áreiðanlegum hætti efnahagsleg áhrif greinarinnar og þátt hennar í viðhaldi byggðar í landinu. Jafnframt verði verkefnið unnið með það í huga að það megi yfirfæra almennt á ferðaþjónustu í dreifbýli.

Hér er átt við rannsókn er tekur í það minnsta til eftirtalinna þátta:

- Almennar upplýsingar um starfsemina (stofnár, tengsl við landbúnað, nýting og dreifing, fjöldi starfa o.fl.)
- Viðskiptatengdar upplýsingar (ársvelta, hagnaður, opinberir styrkir o.fl.)
- Eðli vöru og þjónustu (gistimöguleikar, afþreying, veitingar, samstarf, styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri)
- Markaðurinn (samsetning gesta, aðferðir til markaðssetningar, samkeppni o.fl.)
- Samkeppnishæfi (þekking, reynsla, tungumál)
- Menntunarþörf

Rannsóknin hefst fyrri hluta ársins 2002 og greint verði frá niðurstöðum hennar á haustfundi Ferðaþjónustu bænda 2002.

Greinargerð:

Eins og málum er nú háttað þá er hagskýrslugerð þessarar búgreinar háð miklum annmörkum. Hvergi er t.d. hægt að fá nákvæmar upplýsingar um fjölda gesta eða gistinátta, né upplýsingar um veltu, hagkvæmni fjárfestinga, gildi einstakra markaða og svo mætti lengi telja. Upplýsingaöflun af þessu tagi er mjög brýn fyrir lánastofnanir, sveitarfélög og aðra þá aðila sem koma að uppbyggingu ferðaþjónustu bænda og ferðaþjónustu í dreifbýli almennt. Þekking á greininni skapar ótvítrætt forsendur fyrir því að fjármagn verði nýtt á markvissari hátt en verið hefur til þessa. Aukin innsýn og þekking á innviðum greinarinnar, þróun hennar og eðli er forsenda faglegrar uppbyggingar en ekki síst verður auðveldara að greina hættumerki í rekstrinum og bregðast við þeim á markvissan hátt.

1.3. Viðhorfskönnun

Nefndin leggur til að gerð verði viðhorfskönnun sumarið 2002 meðal gesta allra ferðaþjónustubænda á öllu landinu. Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um óskir og þarfir þeirra sem nýta sér ferðaþjónustu bænda, þannig að rekstraraðilar eigi auðveldara með að þróa rekstur sinn með hliðsjón af væntingum neytenda. Úrvinnslu ljúki í des. 2002.

Greinargerð:

Könnun sem þessi þarf að fara fram meðan á aðalferðamannatímanum stendur og leggur nefndin til að könnunin fari fram í júní, júlí og ágúst sumarið 2002.

Mikilvægt er að könnunin verði unnin í fullu samráði við stjórnir FB og FFB og að spurningalistar og fyrirkomulag úrvinnslu verði ákveðið í samráði við þær. Þá er mikilvægt að könnunin verði vel kynnt ferðaþjónustubændum og leitað til þeirra með samstarf. Afar brýnt er að kannanir sem þessar séu gerðar reglulega þannig að ætíð liggi fyrir nýjustu upplýsingar um viðhorf og væntingar ferðamanna í garð þeirrar þjónustu og vöru sem í framboði er. Með því móti er auðveldara fyrir ferðaþjónustubændur að halda uppi því þjónustustigi sem nauðsynlegt er í harðri samkeppni um viðskiptavininn. Nefndin bendir á að könnun sem þessi var gerð af Ferðamálabraut Hólaskóla sumarið 1999 meðal ferðaþjónustubænda á Norðurlandi vestra og gesta þeirra.

2. Fræðsla og stuðningur

2.1. Rannsóknna- og gæðastjóri

Nefndin leggur til að komið verði á fót embætti rannsóknna- og gæðastjóra ferðaþjónustu bænda. Brýnt er að greinin hafi aðgang að faglegri ráðgjöf til að veita leiðsögn, hvetja til vöruþróunar og miðla nýjustu þekkingu og rannsóknum til félagsmanna.

Hlutverk rannsóknna- og gæðastjóra verði m.a að:

- Standa fyrir þróunarverkefnum er snerta ferðaþjónustu bænda og ferðamál í dreifbýli almennt.
- Sjá um gæðastýringu og eftirlit með flokkunarkerfi hvort heldur er snýr að gistingu eða afþreyingu.
- Meta fýsileika nýframkvæmda.
- Hvetja til vöruþróunar.
- Stuðla að þróun ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Efla tengsl ferðaþjónustubænda við Bændasamtökin, SAF, ferðamálafulltrúa, sveitarfélög og fleiri stofnanir og samtök er koma að ferðamálum í dreifbýli.

Greinargerð:

Nefndin telur æskilegt að embætti rannsóknna- og gæðastjóra verði starfrækt í nánu samstarfi við Ferðamálabraut Hólaskóla en samkvæmt verkaskiptasamningi landbúnaðarskólanna frá árinu 1994 ber Hólaskóla að sinna kennslu og rannsóknum á sviði ferðaþjónustu í dreifbýli. Kennsla á ferðamálabraut hófst haustið 1996 og við skólann hefur byggst upp þekking og reynsla á þessu sviði sem getur verið öflugur bakhjarl fyrir embætti rannsóknna- og gæðastjóra. Mikilvægt er einnig að greinin hafi greiðan aðgang að nýjustu upplýsingum á sviði þekkingar og rannsóknna sem fram fara við brautina. Fjármögnun embættisins verði með svipuðum hætti og starf landsráðunauta.

2.2. Námskeið og endurmenntun

Nefndin leggur til að Hólaskóla verði gert að koma á markvissu átaki í menntunarmálum ferðaþjónustubænda, meðal annars með fjölbreyttum námskeiðum á

sviði ferðaþjónustu. Lagt er til að umbunað verði fyrir aukna menntun og hún tengd gæðakerfi FFB.

Greinargerð:

Starf ferðaþjónustubóndans er fjölþætt með afbrigðum; það er í senn framleiðslustarf og þjónustustarf, fyrirtækjarekstur og heimili, alþjóðlegt og séríslenskt. Tungumálakunnátta, upplýsingatækni, rekstrarþekking, þjónustustýring og umhverfisvitund eru nauðsynlegar forsendur gæðareksturs, hvort heldur er um að ræða lítil fyrirtæki eða stór á sviði gistingar eða afþreyingar. Mikilvægt er að stöðugt framboð sé af endurmenntunarnámskeiðum af ýmsu tagi, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Æskilegt er að námskeiðin myndi heildstætt námsframboð sem lýkur með ákveðinni viðurkenningu þannig að þátttakendur hafi skýr markmið að stefna að. Brýnt er að námskeiðin miðli einnig og styrki ímynd ferðaþjónustubænda og efli þá hugmyndafræði sem ferðaþjónusta í dreifbýli byggir á. Eðlilegt er að ferðamálabraut Hólaskóla sem menntastofnun landbúnaðarins á sviði ferðamála, verði falið að þróa þessi námskeið.

Gæðarstýringakerfi FFB er nú þegar í endurskoðun og telur nefndin farsælt að menntun á sviði ferðaþjónustu verði einn þeirra þátta sem lagður verður til grundvallar við mat á gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er.

2.3. Fagráð

Nefndin leggur til í samræmi við 4. grein Búnaðarlaga, nr. 70/1998, að skipað verði fagráð ferðaþjónustubænda. Hlutverk fagráðs er að móta stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og öðrum þróunarmálum hennar og fjalla um mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Fagráð skal skipað til þriggja ára í senn og koma saman a.m.k. tvisvar á ári.

Lagt er til að fagráð ferðaþjónustubænda skipi eftirtaldir fulltrúar: Ferðaþjónusta bænda tilnefni þrjá og a.m.k tveir af þeim séu starfandi bændur; Hólaskóli, Bændasamtök Íslands og Ferðamálaráð Íslands tilnefni einn hver. Rannsókn- og gæðastjóri sitji einnig í fagráðinu. Fagráðið skipti með sér verkum.

Greinargerð:

Fagráðið er vettvangur faglegrar umræðu um búgreinina. Það er samstarfsvettvangur búgreinarinnar og þeirra sérfræðistofnana sem tengjast henni. Fagráð er umsagnaraðili við setningu laga og reglna er varðar búgreinina. Þá er fagráðið mikilvægur tengi- og umsagnaraðili við viðeigandi ráðuneyti í faglegum málefnum. Félag ferðaþjónustubænda hefur frumkvæði að stofnun fagráðsins og samkv 4. gr. Búnaðarlaga þarf fagráðið staðfestingu landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

3. Rekstrarumhverfi

3.1 Lánasjóður landbúnaðarins

Nefndin leggur til að Lánasjóður landbúnaðarins komi í auknum mæli að lánveitingum til uppbyggingar ferðaþjónustu hjá bændum. Lagt er til að stofnaður verði nýr lánaflokkur þar að lútandi. Nauðsynlegt er að kjör lána verði aldrei verri en gerist á almennum lánamarkaði, að lánin verði veitt til 30 – 40 ára. Vextir lána taki mið af því sem sjóðurinn getur endurlánað á hverjum tíma. Endurskoða þarf lög sjóðsins varðandi kröfu um 1. veðrétt.

Greinargerð:

Ferðaþjónusta bænda er ung búgrein í örum vexti. Þrátt fyrir öflugan stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem frá upphafi hefur verið helsti stuðningsaðili búgreinarinnar, er helsti vandi hennar takmarkaður aðgangur að “þolinmóðu” lánsfé til uppbyggingar. Í ljósi þeirrar staðreyndar að góð nýting hefur verið á gistirými yfir sumarið, sjáanleg eru merki um lengingu ferðamannatímans og spár benda allar til áframhaldandi fjölgunar ferðamanna til landsins, ætti það að vera álitlegur kostur fyrir lánasjóðinn að veita lán til ferðaþjónustubænda.

3.2. Aðkoma sveitarfélaga

Lagt er til að unnið verði markvisst að því meðal forystumanna ferðaþjónustunnar og sveitarfélaganna að upphugsa og kortleggja enn frekar möguleika og tækifæri á sviði ferðaþjónustu sem til staðar eru í hverju sveitarfélagi. Nefndin leggur ennfremur til að sveitarfélögin skapi ferðaþjónustunni svigrúm til frekari vaxtar í gegnum aðalskipulag og þjónustunet sveitarfélaganna.

Greinargerð:

Ferðaþjónusta er einn öflugasti vaxtabroddurinn í byggðapróun og hefur víða rennt styrkum stoðum undir veikustu byggðarlögin.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 eiga öll sveitarfélög í landinu að ljúka gerð aðalskipulags fyrir árið 2008. Með því marka sveitarfélögin m.a. framtíðarstefnu í landnotkun, umhverfis- og samgöngumálum, þjónustu og þróun byggðar í sveitarfélaginu. Hafa þarf sérstaklega í huga með hvaða hætti

sveitarfélögin geti bætt aðstöðu og skapað betri skilyrði fyrir ferðþjónustuna. Margvíslegir möguleikar eru víða fyrir hendi sem enn eru ónýttir. Vekja þarf athygli á lítt þekktum náttúruperlum, sögustöðum og þjóðleiðum og bæta merkingar og aðgengi að þeim. Þá þarf að huga að gerð göngu- og reiðstíga og merkingu þeirra. Vaxandi áhugi er á fuglaskoðun og öðrum dýralífsathugunum og einnig þarf að vekja athygli á þeim afurðum sem landið gefur. Mikilvægt er að sveitarfélögin komi til móts við ferðþjónustuna með því að tengja almenna þjónustu þörfum greinarinnar allt árið um kring.

4. Þróunarverkefni

4.1. Færum heiminn heim í hlað

Nefndin leggur til að komið verði á fót miðlægum bókunargrunni fyrir ferðaðjónustubændur á netinu. Bókunargrunninn skal þróa með tilliti til þarfa ferðaðjónustubænda. Grunnurinn skal einnig vera opinn öðrum þeim aðilum sem vinna að ferðaðjónustu í dreifbýli. Lagt er til að Ferðaðjónusta bænda standi að uppbyggingu og rekstri grunnsins ásamt kynningu hans meðal væntanlegra notenda. Grunnurinn verði tilbúinn til prófana á vordögum 2002 og verði að fullu prófaður og tilbúinn til notkunar síðla árs 2002. Nefndin leggur til að áætlun Landssímans hf. um að hraðvirk og örugg nettenging verði til staðar á landsvísu komist til framkvæmda sem fyrst.

Greinargerð:

Ljóst er að það mikla hagræði sem Netið býður upp á hefur komist til skila um allan heim og næsta áratuginn munu einstaklingar og fyrirtæki í öllum heimsálfum aðlaga sig möguleikum þess. Netið hefur gefið þeim smærri tækifæri til að standa jafnfætis eða frammar mörgum hinna stærri í nýtingu tækifæra. Netið verður notað til að bæta kynningu, einfalda og auka samskipti, auka nýtingu og til hagræðingar í rekstri.

Forsenda þess að þessi leið sé fær er að uppbygging á alþjónustu Landssímans hf. gangi eftir samkvæmt þeirri áætlun sem þeir hafa lagt fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þar er gert ráð fyrir að öllum landsmönnum bjóðist hraðvirk og örugg tenging við Netið fyrir árslok 2002, annað hvort með ADSL- eða ISDN-tengingu. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggji að þetta nái fram að ganga í tíma því núverandi ástand á símkerfinu víða í dreifbýlinu er með öllu ófullnægjandi.

4.2. Aukið framboð á vöru og þjónustu

Lagt er til að landbúnaðarráðuneytið hafi frumkvæði að því að auka fjölbreytileika í vöruframboði og þjónustu hjá ferðaðjónustubændum sem byggi á fjölbættri úrvinnslu íslenskrar landbúnaðarsögu, eðli hennar og sérkennum. Ferðaðjónusta bænda hefur skapað sér ákveðna ímynd en mikilvægt er að hún sé styrkt enn frekar.

Náin tengsl við náttúru landsins og landbúnað eru mikilvægir þættir sem leggja ber á enn frekari áherslu.

Nefna má eftirfarandi verkefni:

Hefðir og verk í landbúnaði; upprekstur, smölun, réttir, hestaferðir, tamningar, mjaltir.

Framleiðsla landbúnaðarafurða; mjólkurvinnsla, kjötvinnsla, ullarvinnsla.

Hlunnindi og hlunnindanýting; dúntekja, selveiði, reki, fjörubeit, silungsveiði, fuglatekja, rjúpnaveiði, berjalönd og nýting sjávargróðurs til manneldis.

Átaksverkefni; s.s. Bændur græða landið, Fegurri sveitir og Endurheimt votlendis.

Menningarlandslag; garðar og hleðslur, áveitur, tún, skógrækt, kornrækt, heimarafstöðvar, byggingar, réttir, gangnamannakofar, fjárborgir, sel og beitarhús.

Menningarstarf bænda; tónlistariðkun, fræðistörf, handverk, myndlist, vísnaverð, skáldskapur, söngur, söfnun og varðveisla menningarverðmæta.

Greinargerð:

Stytttri ferðalög valda því að samkeppni á milli svæða fer vaxandi. Þess vegna er mikilvægt fyrir svæði að skapa sér sérstöðu sem ferðamenn telja eftirsóknarverða. Leiðin til þess að móta eigin sérstöðu felst ekki síst í samstarfi og vöruþróun á meðal rekstraraðila á hverju svæði. Ferðaþjónustubændur hafa mikilvægt forskot á þessu sviði vegna landbúnaðartengingar sinnar. Ný verkefni þar sem unnið er enn frekar úr sjóði íslenskrar landbúnaðarsögu bæta nýjum víddum í upplifun ferðamanna af íslensku dreifbýli og gefur færi á fjölbreyttari þjónustu.

Stuðningur við bændur er vinna að vöruþróun á þessu sviði er gríðarmikilvægur þar sem langan tíma getur tekið fyrir ferðaþjónustubændur að byggja upp tiltrú og traust á vöru sinni og þjónustu. Áriðandi er því að náíð samstarf skapist með Bændasamtökum Íslands, Félagi ferðaþjónustubænda, Framleiðnisjóði og Hólaskóla um frumkvæði, fjármögnun og úrvinnslu slíkra verkefna.

4.3. Sveitin

Nefndin leggur til að Bændasamtök Íslands og Félag ferðaþjónustubænda taki höndum saman um að treysta enn frekar þau verkefni sem stuðla að auknum skilningi þéttbýlisbúa á eðli og mikilvægi landbúnaðarins.

Greinargerð:

Bændasamtök Íslands, ásamt fleirum, hafa unnið gott starf með því að skapa aðgengi fyrir þéttbýlisbúa að íslenskum landbúnaði með verkefnum á borð við “Heimsókn í sveitina”, “Búgarðar” og “Bændur bjóða heim”. Sífellt fjölgar þeim sem lítil eða engin tengsl hafa við sveitirnar og bilið milli menningarheima borgar og sveitar vex hröðum skrefum. Lögð er áhersla á að sú markaðsþekking sem Ferðaþjónusta bænda býr yfir og tengsl hennar við sveitirnar sé nýtt í þá veru að brúa þetta bil landbúnaðinum til hagsbóta. Fyrir marga er gisting eða dægradvöl á vegum ferðaþjónustubænda eina tækifærið til þess að komast í návígi við íslenska sveit. Áriðandi er því að öflugt samstarf takist með ferðaþjónustubændum og öðrum bændum viðkomandi svæðis, en ferðaþjónustubændur hafa öðrum fremur möguleika á því að miðla þekkingu og fræðslu um íslenskan landbúnað, menningu og mannlíf allt til sveita. Slik kynning hefur jákvætt yfirbragð og er óþarfi að rekja nánar mikilvægi hennar á tímum þegar landbúnaðurinn á undir högg að sækja.

4.4. Íslenskur sveitamatur

Nefndin leggur til að Bændasamtök Íslands standi fyrir verkefninu “Íslenskur sveitamatur”. Markmið verkefnisins er að stuðla að uppbyggingu íslenskrar matarhefðar meðal ferðaþjónustubænda þannig að þeir geti aukið og styrkt þá þjónustu sem þeir veita erlendum og innlendum ferðamönnum.

Greinargerð:

Mörgum ferðamönnum þykir forvitnilegt að kynnast matarhefð landsins eða héraðsins sem þeir heimsækja og svo er einnig með þá sem koma til Íslands. Matur og matarvenjur skipa stóran sess í skynjun og minningum ferðamanna. Ýmsar þjóðir hafa nýtt sér þetta við markaðssetningu á ferðaþjónustu og spyrnt saman menningu, náttúru, sögu, vín og mat. Þannig ferðaþjónustu má finna víða á meginlandi Evrópu, svo sem í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu.

Á síðustu árum hefur verið mikill vöxtur í innlendri ferðaþjónustu og fjöldi erlendra ferðamanna aukist ár frá ári. Markaðssetning á ferðaþjónustu með áherslu á íslenska matarhefð yrði nýjung á Íslandi er gæti haft margvíslegan ávinning í för með sér. Aukin neysla á íslenskum mat gæti styrkt stöðu sauðfjárbænda en sauðfjárafurðir eru þungamiðjan í þjóðlegum mat. Ef vel tekst til gæti neyslan á íslenskum mat aukist jafnt meðal erlendra ferðamanna og Íslendinga sjálfra. Nýjar áherslur myndu auka möguleika ferðaþjónustubænda á að efla starfsemi sína. Loks yrði þjónustan sem ferðamönnum býðst enn fjölbreyttari en áður.

Á Búnaðarþingi 2001 var ályktað um möguleika til heimasölu afurða á ferðaþjónustubýlum og lagt til að stofnaður yrði starfshópur til að vinna að framgangi málsins. Mikilvægt er að þessu máli verði fylgt eftir þannig að sömu möguleikar og sömu reglur gildi hér á landi og í nágrannalöndunum um þetta efni.

5. Hvatningarverðlaun

Nefndin leggur til að Félag ferðþjónustubænda veiti hvatningarverðlaun þeim ferðþjónustubændum sem þykja hvað helst skara fram úr í greininni.

Greinargerð:

Hvatningarverðlaun hafa gefist vel í hinum ýmsu atvinnugreinum. Verðlaunaveiting af þessu tagi gefur tilefni til umræðna á opinberum vettvangi. Þau stuðla að auknum metnaði og vekja jákvæða athygli á málefnum greinarinnar.

Lokaorð

Starf nefndarinnar leiddi skýrt í ljós að ferðaþjónusta bænda hefur framtíðina fyrir sér. Ýmsar blikur eru þó á lofti í ferðaþjónustu almennt eftir atburðina í Bandaríkjunum 11. september. Sérfræðingar spá 20% - 30% samdrætti í flugi og þar með samdrætti í ferðaþjónustu í heiminum. Ekki er spáð samdrætti í ferðaþjónustu hér á landi þegar til lengri tíma er litið, en markmið ferðaþjónustuaðila hér á landi hefur verið að auka ferðamannastrauminn og er því nauðsynlegt fyrir þá sem á undanförmum árum hafa fjárfest með aukningu í huga að brugðist sé skjótt við.

Aftur á móti er ljóst að ef rétt er á málum haldið felast tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu í þeirri stöðu sem nú er komin upp, en á fáum stöðum í heiminum er jafn friðvænlegt og hér. Ferðaþjónusta bænda hefur alla burði til þess að verða merkisberi þessarar ímyndar friðsældar og öryggis, en til að svo verði er áriðandi að auka þekkingu og skilning á greininni. Brýnt er því að hrinda í framkvæmd verkefnum sem tillögur 1.1., 1.2. og 1.3. í meðfylgjandi áliti bera með sér.

Þá komu fram til viðbótar ýmsar hugmyndir sem tvímælalaust styrkja ferðaþjónustu bænda. Ályktaði nefndin um þær flestar. Allar hugmyndirnar miða að því að renna styrkari stöðum undir ferðaþjónustu bænda.

Nefndin leggur áherslu á að framangreindar tillögur hennar eru aðeins orð á blaði. Þeim verður að fylgja eftir með athöfnum eigi þær að skila árangri.